

Hátíðarræða

Flutt á Hrafnseyri við Arnarfjörð

Á afmælisdegi Jóns Sigurðssonar

17. júní

Góðir félagar, til hamingju með daginn

Ég ætla að leyfa mér að ávarpa ykkur með þeim tveimur orðum sem mér eru mest hugleikin sem ávarpsorð til félaga minna, góðir félagar, segjum við oftast í stéttarfélögunum þegar við ávörpum félaga okkar á fundum. Hér vísa ég til þess umhverfis í störfum og verkefnum sem ég þekki best sem er félagsskapur launafólks, fyrst í Verkamannafélaginu Dagsbrún þar sem ég varð félagsmaður á unga aldri, síðan starfsmaður í nærri þrjá áratugi og nú sem formaður Eflingar - stéttarfélags.

Ég vil segja það við ykkur strax að ég er ekki sérfræðingur í störfum eða lífi Jóns Sigurðssonar og verð aldrei. Það er hlutverk annarra. Ég hef eins og aðrir Íslendingar dáðst að Jóni Sigurðssyni fyrir gáfur hans, framsýni og einarðan vilja hans til að vinna þjóð sinni gagn. Ég hef dáðst að þessum alþýðumanni sem hófst til virðingar á grundvelli þekkingar og hugsjóna fyrir sjálfstæðisbaráttu þjóðar sinnar. Það er ljómi sem hvílir yfir Jóni Sigurðssyni og líf hans er eins og góð bók sem maður leitar í aftur og aftur til að sækja kraft og innblástur. En hann á sér líka skuggahliðar og það gerir hann ekki síður að spennandi viðfangsefni samtímans.

Lengi hafa ýmsir menn, stjórnámamenn, sagnfræðingar og fræðimenn reynt að sjá Jón Sigurðsson í margs konar aldarspegli. Meðan sagnfræðingarnir hafa oftast leitað sannleikans, hafa stjórnámamennirnir oft reynt að draga upp þá mynd sem hentar stjórnálaskoðunum þeirra eða hugmyndum þeirra sjálfra. Menn hafa spurt sig og svarað sér sjálfum. Já, hvernig hefði nú Jón Sigurðsson brugðist við þessum og hinum hörmungunum, alþjóðavæðingunni með EES og ESB eða flóttamannavandanum. Góður vinnufélagi minn segir stundum í gamni og alvöru spakleg orð sem hann lærði sem drengur í sunnudagaskólanum hjá KFUM. Já, það var spurningin hvernig hefði nú Jesús brugist við þessum vanda?

Ég hef ekki mjög mikla trú á þessari aðferðafræði. Hvernig hefði maður eins og Jón Sigurðsson, sem var uppi meðan vistarbandið var enn við líði, bláfátækt almúgafólk réði ekki einu sinni búsetu sinni og átti sér litlar vonir um bærilegt líf, flest alþýðufólk hafði enga möguleika til að hafa áhrif á umhverfi sitt, hvernig er hægt að setja slíkan mann inn í aðstæður okkar í dag og gera því

skóna t.d. hvernig hann hefði brugðist við stöðunni í umræðunni um Evrópusambandið sem dæmi. Hefði hann verið fylgjandi aðild okkar að ESB eða harður andstæðingur? Mundi hann bregðast við þessu viðfangsefni út frá sjálfstæði þjóðarinnar eða myndi hann skoða málið fremur í ljósi frjálsra viðskipta eins og þegar hann vildi leyfa Frökkum að reisa og reka stóra verksmiðju í Dýrafirði. Við fáum aldrei að vita það og að mörgu leyti er spurningin fánýt. Þrátt fyrir það að sá sem reynir að flytja Jón Sigurðsson til veruleika okkar daga, megi vita það fyrirfram að slíkt tímaflakk geti bara endað í ógöngum, hafa ýmsir reynt það. Ég ætla ekki að falla í þessa gildru.

En eitt einkenni hafði Jón Sigurðsson, sem margir stjórnámálemenn mættu taka sér til fyrirmyndar. Hann myndaði sér skoðun, sem byggð var á fræðilegum og haldbærum rökum og hvort sem var í stórmálum eins og fjárkláðamálinu eða baráttunni fyrir fullu þjóðfrelsi Íslendinga, þá skipti hann aldrei um skoðun í veigamestu málum samtíðarinnar. Hann bognaði stundum lítillega. Hann skammaði jafnvel þá sem þótti vænst um hann, samstarfsmenn, vini og vopnabræður. En hann hélt ótrauður áfram og þetta sést best eftir hinn afdrifaríka þjóðfund 1851 þegar danska ríkisstjórnin reyndi að kúga þá sem höfðu sig mest í frammi gegn stjórninni á fundinum til hlýðni með hótunum um ofsóknir og atvinnumissi, þá lét hann aldrei deigan síga. Í andsteyminu og hörðum deilum var hann kletturinn sem bifaðist ekki.

Einmitt þetta langar mig að gera með ykkur, áheyrendur góðir, að skoða manninn Jón Sigurðsson með það í huga hvað við getum lært af honum. Mig langar jafnframt til að nota tækifærið og taka ýmsan samjöfnuð úr atvinnusögu, fjalla um verslunarfrelsið, stöðu mennta og lýðræðis meðal okkar kynslóðar síðustu áratugina og einbeita okkur að því sem Jón Sigurðsson barðist fyrir alla ævi. Ævi hans snerist að mestu leyti bara um eitt. Hvernig getum við orðið þjóð okkar til sem mest gagns, í frelsi hennar til orðs og æðis, í atvinnufrelsi hennar, þjóðfrelsi hennar, kröfum um lýðræði og aukna menntun. Um þetta snérist líf hans og um þetta snýst líf okkar einnig. Það er nefnilega engin tilviljun að Jón Sigurðsson höfðar svo sterkt til okkar samtíðar. Það er vegna þess að hann var að berjast fyrir því sem baráttan stendur um enn þann dag í dag, þó himinn og haf skilji að aðstæður og lífskjör hans og okkar. Þess vegna er aðferðin ekki sú að reyna að troða honum inn í veruleika okkar, heldur að draga ályktanir af hugsjónum hans, röksemdum og hugsunum um framtíðina. Þar er nefnilega mikill munur á.

Hugmyndir um Þjóðskólann urðu að veruleika eftir hans daga

Meðal athyglisverðustu hugmynda og tillagna Jóns Sigurðssonar, voru tillögur hans um stofnun þjóðskóla, þar sem hann gerði ráð fyrir því að skólinn væri eins konar skólakerfi atvinnuveganna sem „veitti svo mikla menntun sérhverri

stétt, sem nægir þörfum þjóðarinnar“ eins og segir í bænaskjali til kóngsins sem allmargir Íslendingar í Kaupmannahöfn skrifuðu upp á. Það er áhugavert og sýnir framsýni Jóns að bæði í Danmörku og á Íslandi var nánast öll menntun bundin við embættismannakerfið en Þjóðskólinn var ætlaður öllum landsmönnum. Þeir sem rekja hugmyndasögu Jóns meta það svo að á grundvelli Þjóðskólans, þó hann hafi aldrei orðið að veruleika, hafi aðrir skólar orðið til, Prestaskólinn 1847, aðeins tveimur árum eftir að tillaga hans er kynnt á Alþingi og síðan Læknaskólinn sem stofnsettur er rúmum þremur áratugum síðar. Ef til vill má segja að félagar Jóns á þingi hafi verið nokkuð raunsærri en hann því hann hlaut ekki mikinn stuðning við tillöguna. En ljóst er að þróunin síðar eftir aldamótin þegar Jón Sigurðsson var allur, er verulega í sama farvegi og hann hafði lagt með stefnumótun sinni. Það var ekki langt í að fyrstu barnaskólanir væru stofnaðir. Brátt urðu til iðnaðarmannafélög og iðnskólar í kringum nauðsynlega iðnmenntun og þó að þróunin yrði önnur en Jón ætlaði með tillögu sinni, vann tíminn greinilega með hugmyndum hans.

En þessi þróun skólamála á Íslandi, leiðir einnig hugann að öðru sem eru stöðug ofuráhersla á fræðilega menntun sem byggð var á fornmenntun og fornum tungumálum sem sum hver voru jafnvel að mestu útdauð nema sem vísindamiðlar.

Í rauninni er það stórmerkilegt að annar atvinnuvegurinn, landbúnaður sem hélt lífinu í landsmönnum öldum saman, fékk sinn sess í skólakerfinu með búnaðarskólunum meðan hinn, sjávarútvegur og fiskvinnsla sem hefur staðið undir veigamiklum hluta af lífskjörum Íslendinga öldum saman, hefur aldrei fengið þann sess eða virðingu í skólakerfinu sem honum ber. Þá má nefna um leið að þrátt fyrir allar hátíðaræður á Íslandi um áherslu á verkmenntun, hefur þeirri stefnu aldrei verið hrint í framkvæmd af alvöru.

Það voru stéttarfélag sem á fyrri hluta 20. aldarinnar hófu starfsmenntun á vinnustöðum til vegs og virðingar en eins og fyrr segir er það vart fyrr en með lögunum um starfsmenntun í atvinnulífinu áratugum síðar sem verkalýðshreyfing og atvinnurekendur bindast samtökum um að hefja almenna starfsmenntun til vegs og virðingar. Þessari þróun er síðan fylgt eftir með stofnun starfsmenntasjóðanna um aldamótin síðustu.

Við sem lifum og störfum í verkalýðshreyfingunni, höfum séð hvað staðgóð og innihaldsrík grunnmenntun sem margir fara á mis við í okkar þjóðfélagi, getur gjörbreytt lífi fólks. Við höfum allt of lengi horft upp á stóran hóp okkar unga fólks flosna upp úr námi, fólki sem þurfti kannski bara aukið svigrúm í lífinu til að ná áttum en þá var tækifærið gengið hjá garði.

Skólar og fræðslustofnanir sem verkalýðshreyfingin á aðild að hafa barist fyrir réttindum þessa hóps en mikið skortir á vilja ríkisvaldsins til að opna þessar dyr að nýju og við það verður samfélagið allt ríkara. En hver er munurinn á því að stjórnvöld styðji við menntun fólks sem gegnir lykilstörfum í undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar eða menntun langskólagengins fólks í mörgum stéttum, stjórnenda eða embættismanna. Þjóðskólahugmynd Jóns Sigurðssonar er gott vegarnesti til að hugsa þetta upp á nýtt.

Já, góðir tilheyrendur. Árum saman hefur starfsstétt innan okkar raða í stéttarfélagunum sem eru burðarásinn í atvinnulífi okkar í vissum starfsgreinum, leitað eftir löggildingu starfa sinna. Ég nefni hér félagsliða en þeir eru eins og mörgum er kunnugt mikilvægir í störfum á hjúkrunarheimilum og á fleiri vinnustöðum þar sem aldraða fólkið okkar nýtur aðhlynningar. Í nærfellt hálfan annan áratug hefur ráðuneyti menntamála synjað þessum félagsmönnum um löggildingu starfa félagsliða. Ég ætla ekki hér að gera lítið úr áfengisráðgjöfum sem er mikilvægur hlekkur í heilbrigðiskerfinu, en hver skyldi nú ástæðan vera fyrir því að áfengisráðgjafar hafa fengið löggildingu sinna starfa en félagsliðar ekki. Leiti nú hver í sínu hugskoti eftir skynsamlegu svari.

Já, má ég nú biðja um Þjóðskólann hans Jóns Sigurðssonar sem átti að veita svo mikla menntun sérhverri stétt að nægði þörfum þjóðarinnar.

Verslunarfrelsið

Jón Sigurðsson lifði ekki þann dag að fá að upplifa fullt frelsi þjóðarinnar, daginn þegar helsi var lyft af íslendingum og þjóðin varð frjáls og fullvalda. Hann var heldur ekki viðstaddur þegar landið fékk nýja stjórnarskrá og mikið er það sárt og dapurt við þessa sögu að sá sem barist hafði fyrir nýjum stjórnskipunarlægum og helgað líf sitt sjálfstæðisbaráttunni skyldi ekki vera á gestalistanum. Honum var ekki boðið heim til Íslands til að lifa þennan merkisatburð. Jón átti sína drauma í menntamálum eins og hér hefur verið rakið en hann fékk heldur aldrei að sjá nema brot af sýn sinni í því efni.

Öðru gegndi um verslunarfrelsið. Jón hóf feril sinn í stjórnámálum með baráttu sinni fyrir verslunarfrelsinu. Í hans augum var verslunarfrelsið forsendan fyrir fullu frelsi þjóðarinnar. Verslunarfrelsið var að veruleika meðan Jón var á sínu besta skeiði.

Greiningar hans á þjóðarbúskapnum og framlag hans til efnahagsmála með margvíslegum hætti er viðamikil og ekki er hægt að gera því skil í stuttu ávarpi. En látum okkur nægja að minna á að Jón Sigurðsson var merkilega frjálslyndur í verslunarmálum Íslendinga og hafði óbilandi trú á að markaðsþjóðfélagið myndi leysa úr læðingi mikla hagsæld á Íslandi um leið og verslunaránauðinni yrði

aflétt. Hann benti á þá augljósu staðreynd að innflutningur á matvælum erlendis frá með viðkomu í Danmörku, hefði engan tilgang nema að skerða lífskjör landsmanna sem ekki gæti þjónað neinum tilgangi. Danir væru matvælaframleiðsluþjóð eins og Íslendingar og þessar þjóðir væru því í hreinni samkeppni um sölu á búvörum og óeðlilegt með öllu að Danir hefðu nokkur afskipti af verslunarmálum Íslendinga. Stundum rennur upp fyrir okkur sannleikurinn hrár og tær þegar hann er sagður. Jón hafði þessa hæfileika að klæða frásögn sína í þannig búning að einfaldur sannleikur blasti við. Það hafði bara enginn orðað það fyrr.

En líklega er það Íslendingum meira virði en nokkuð annað sem hann gerði, hvernig hann taldi endalaust kjark í landsmenn sem „hefðu misst traustið á sjálfum sér, sem er öllum nauðsynlegt og með því samheldið og viljann til að hjálpa sér sjálfir, þeir hafa misst hinn alþjóðlega anda til allra framkvæmda og orðið kotungar“, segir hann í *Litlu varningsbókinni*. Ljóst er að þessi fyrstu afskipti Jóns af stjórn málum eru meira en vísbending um að þarna sé stjórn málaaskörungur að koma fram á sjónarsviðið. Hvað eftir annað fyllti hann þjóðina eldmóði og leitaðist við að fá fólk til að trúna því að Ísland sé í lagi, auður þjóðarinnar sé slíkur að kostir hennar séu gríðarlegir ef menn hafi trúna á sjálfa sig.

Þannig færði Jón Sigurðsson bein og óbein rök að því að verslunaránaúðin og kúgun liðinna alda sé ekki síst orðin að innanmeini hjá landsmönnum sjálfum og nú þurfi fyrst og fremst að breyta þessu hugarfari, bera höfuðið hátt og berjast fyrir athafnafrelsi og verslunarfrelsi því að sé forsenda sjálfstæðis þjóðarinnar.

Það dylst engum sem kynnir sér sögu Jóns Sigurðssonar að hann hefur óbilandi trú á frjálsum viðskiptum en um leið þarf hann að gæta þess að fylgi hans sem stjórn málamanns á allt undir því að hann haldi trausti bændanna heima í héraði og fólks í þeim fáu þéttbýliskjörnum sem myndast hafa á landinu. Þannig situr hann á sér í Dýrafjarðarmálinu þegar málið kom til Alþingis en Frakkar vildu setja á stofn mörg hundruð manna fiskiðjuver á Vestfjörðum og það fer ekki leynt hver hugur hans var gagnvart verkefninu. Hann var fámáll um málið á þingi en lét aðra um að túlka sjónarmið sín.

En þarna er einmitt komin sú þversögn sem við Íslendingar höfum glímt við síðan, kreppur okkar og óstöðugt efnahagsumhverfi í litlu hag- og myntkerfi sem við höfum haft tilhneigingu til að slá skjaldborg um með höftum og ófrelsi í atvinnumálum. Við höfum átt stjórn málamenn, sem hafa tekið kreppunum sem tækifæri til að þrengja að okkur sjálfum. Þetta höfum við séð gerast í öllum kreppum og styrjöldunum báðum, að þegar þrengdi að okkur, þá var jafnan áherslan sett á að við værum sjálfum okkur næg, í matvælaframleiðslu og á

öðrum sviðum efnahagslífsins. Þessi stefna leiðir hins vegar til langvarandi tímabila lífshæðisbætur

Stærstu sigrar okkar í leið að betri lífshæðisbætur hafa komið í kjölfar rýmkunar á verslun, viðskiptum og athafnafrelsi. En það hefur ekki gerst án fórnar og þjóðfélagsbreytinga. Við höfum séð atvinnugreinar lenda í miklum samdrætti eða hverfa jafnvel að mestu leyti eins og vefjariðnaðinn og húsgagnaframleiðsluna á sínum tíma. En ekki getur vafist fyrir neinum að frelsið sem fylgdi EFTA og síðan EES samningnum bylti lífshæðisbætur hér á landi. Við viljum lífshæðisbætur sem eru sambærileg við það besta í helstu viðskiptalöndum okkar en heykjumst á að taka þær pólitísku ákvarðanir sem þarf til að ná þessu markmiði.

Ég veit að það kann að virka kaldranalegt að spyrja áleitinna spurninga í sambandi við framtíð íslensk landbúnaðar. Á tíma Jóns Sigurðssonar var landbúnaður meginstoð íslensk atvinnulífs. Síðan eru liðin mörg ár og spyrja má. Hvernig stendur á því að við fáum ekki að flytja inn landbúnaðarvörur nema með slíkri skattlagningu eða kvótum að þær hafa jafnvel margfaldast í verði miðað við upprunaverðið? Ætlum við að hafa það þannig að meðan íslenskir launamenn þurfa að semja við viðsemjendur sína um kaup og kjör á hverju ári, þá gera stjórnámálamenn búvörusamning til þriggja næstu ríkisstjórna a.m.k. sem er vísitölubundinn með tvöföldum hætti. Ætlum við áfram að setta okkur við það að þegar við kaupum lambalærið í Bónus, þá höfum við greitt upp undir helminginn af því með sköttunum okkar þá þegar. Af hverju megum við ekki kaupa ítalska, franska og svissneska osta nema á okurverði, jafnvel þær ostategundir sem ekki eru einu sinni framleiddir á Íslandi.

Dapurlegast af öll er að bændur eru ekkert vel haldnir í þessu landbúnaðarkerfi á Íslandi. Sauðfjárbændur lepja dauðann úr skel og þess vegna eru margir þeirra í annarri vinnu til að sjá sér farborða. Af hverju hrindum við ekki þessu kerfi af okkur og hugsum þetta upp á nýtt.

Um lýðræðið og Alþingi Íslendinga

Athyglisvert er hvernig hugur manna á Íslandi er til Alþingis á tíma Jóns Sigurðssonar. Ekki síður er merkilegt að sjá kosningaþátttökuna þar sem aðeins brot af atkvæðisbærum mönnum tekur þátt í kosningum til þings. En menn sem telja að lítið álit almennings á þingmönnum sé nýtt einkenni okkar tíma, ættu að lesa sögu Jóns. Umræðan um Alþingi er á þessum tíma að mestu leyti um það hve þingið sé mikill óþarfi, allt of kostnaðarsamt að halda þessum þingmönnum uppi og margir almúgamenn voru þeirrar skoðunar að þingið þjónaði engum tilgangi.

Nú þegar við erum að halda hátíðleg stórafmæli á þessu ári þegar Alþýðusambandið var hundrað ára, Verkalýðsfélagið Baldur 100 ára, Verkamannafélagið Dagsbrún varð 110 ára og við höldum á síðasta ári upp á 100 ára kosningarétt kvenna allt árið, er það sannarlega tilefni til að huga að framtíðinni. Þar er Jón Sigurðsson í öndvegi þar sem líf hans einkenndist af baráttunni fyrir betri framtíð, sjálfstæði þjóðarinnar, verslunarfrelsinu og aukinni menntun og þekkingu ekki síst í þágu atvinnuvega þjóðarinnar.

Við gætum ekki heiðrað minningu Jóns Sigurssonar með betri gjöf til okkar sjálfra en að líta til þeirra baráttumála sem voru honum kærast. Minnumst þess að einkenni hans var baráttuhugur, eldmóður og trúin á okkur sjálf. Þetta ásamt blöndu af frjálslýndum viðhorfum og ættjarðarást getur lagt grunn að velferð þjóðarinnar á nýjan leik eftir þau þungu áföll sem við höfum orðið fyrir.

Til hamingju með daginn

Sigurður Bessason